

Framsöguræða Össurar Skarphéðinssonar  
utanríkisráðherra með skýrslu til Alþingis

um utanríkis- og alþjóðamál

14. febrúar 2013



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Virðulegi forseti,

Eitt af mikilvægustu hlutverkum utanríkisþjónustu lítillar þjóðar er að opna sem flestar dyr til að skapa okkur nýja vini og ný tækifæri. Um leið slípum við gagnvegi til þeirra gömlu. Þannig treystum við hagsmuni okkar og þróum viðskiptagáttir við umheiminn.

Snar þáttur utanríkisstefnunnar er að skapa pólitíska innviði sem stuðla að ábatasamri verslun við hina ytri veröld. Utanríkisstefnan þarf í senn að tryggja hagsmuni til fyrirsjáanlegrar framtíðar, en um leið að kasta sáðkornum í hagana handan heimatúnanna sem í lengri framtíð gætu fært okkur drjúga uppskeru.

Þetta höfum við kappkostað með ýmsu móti. Við höfum þétt böndin við næstu nágranna í vestnorðrinu, Grænland og Færeyjar. Í vestrinu með því að efla samstarf við Bandaríkin og Kanada á hefðbundnum sviðum, en líka nýjum. Til austurs höfum við styrkt samstarfið við systurþjóðir okkar, Norðurlöndin, náð upp mun betra samstarfi en nokkru sinni í sögunni við Rússland, og stóreflt samstarfið við Evrópulöndin.

Um leið höfum við líka opnað nýjar dyr sem snúa að rísandi viðskiptaveldum í Asíu. Þar getur orðið grösug nýrækt fyrir íslenskt atvinnulíf ef rétt er sáð, og vel í borið.

Í reynd höfum við einbeitt okkur að þrenns konar gáttum inn í framtíðina.

Í fyrsta lagi höfum við víkkað þá sem snýr að helstu viðskiptaþjóðum okkar í Evrópu. Það höfum við gert með samningum sem opna íslensku þjóðinni leið inn í Evrópusambandið, ef hún svo kýs, og til að taka upp nýjan og stöðugan gjaldmiðil, evruna.

Í öðru lagi höfum við opnað nýja gátt með því að setja nýtt mál á dagskrá, norðurslóðir. Kröftugt starf á sviði þeirra er lykill Íslands að þeim miklu tækifærum sem bíða á norðurslóðum, þar með talið í olú- og gasvinnslu, í lengri framtíð í fiskveiðum á miðum sem skapast við bráðnun ísþekjunnar, og norðursiglingum. Fyrsta tækifærið í tíma er þó þjónustustarfsemi við “orkuþríhyrninginn” sem ég hef skilgreint sem svæðið frá NA-Grænlandi til Jan Mayen, og þaðan suður til Íslands. Markmiðið er að byggja á Norðurlandi upp þjónustu við rannsóknir, tilraunaboranir og vinnslu innan orkuþríhyrningsins. Það mun gjörbreyta afkomu Norðlendinga og hafa efnahagsleg áhrif um allt Ísland.

Í þriðja lagi höfum við svo þróað Asíugáttina með áherslu á viðskipti og fríverslun, en ekki síður á norðursiglingar. Í þeim felast einstök pólitísk og

efnahagsleg framtíðarfæri. Lönd einsog Singapúr, en ekki síst Kína, hafa sömu hugmyndir og við um að besta braut norðursiglinga síðar á öldinni liggi beint yfir pólinn. Sú leið gæti aukið gríðarlega pólitískt vægi Íslands og eftt samstarf okkar við Evrópu, Ameríku og Asíu, fyrir utan veruleg efnahagsleg áhrif á Íslandi.

Í þessum þremur gáttum felast miklir framtíðarhagsmunir.

Virðulegi forseti,

Það eru líka hættur samfara tækifærunum. Við þurfum styrk til að tryggja að öll umsvif mannsins á norðurslóðum, ekki síst olú- og gasvinnsla, verði í takt við ítrustu reglur um vernd umhverfis og náttúru. Lykill að því er að byggja okkur upp sem ábyrgt norðurskautsríki. Að því höfum við unnið af krafti.

Tveir mikilvægir alþjóðasamningar, um leit og björgun, og um varnir gegn olúslysum hafa verið gerðir. Báðum var lokið í Reykjavík. Undirbúningur að alþjóðlegri björgunarmiðstöð á Íslandi er í gangi. Samhliða stofnun fastaskrifstofu norðurskautsráðsins í Tromsø hefur starfsemi tveggja starfsþátta ráðsins, um lífríki á norðurslóðum og verndun umhverfis, verið tryggt til frambúðar á Akureyri.

Undirbúningur að samvinnu Íslands, Noregs og Grænlands um þjónustu við orkuþríhyrninginn er kominn vel áleiðis. Íslenskt-grænlandskt viðskiptaráð hefur verið stofnað, og tvær vel heppnaðar kaupstefnur eru að baki. Sömuleiðis var stofnað færeyskt-íslenskt viðskiptaráð sl. haust. Merkilegt samkomulag var líka gert við Rússland um samstarf á sviði siglinga og vísindarannsókna á norðurslóðum.

Rammasamningur við Kína um rannsóknir sem varða norðurslóðir, og norðursiglingar er kominn til framkvæmda. Formlegt samstarf íslenskra og franskra háskóla varðandi norðurvegu er hafið á grundvelli samnings við Frakka. Norðrið hefur líka orðið að nýjum öxli í samstarfi okkar og Bandaríkjana, ekki síst Alaska. Sérstakur samstarfssamningur við Norðmenn hefur tekið gildi, með 200 milljón króna framlagi Norðmanna, auk mótframlags frá okkur, og í krafti hans var stofnuð prófessorsstaða við Háskólann á Akureyri, kennd við könnuðinn fræga, Friðþjóf Nansen.

Við höfum beitt okkur fyrir margföldun á framlögum til málefna norðurslóða, og í síðustu viku undirritaði ég á Akureyri samning um fjármögnun Norðurslóðanets Íslands. Við sama tækifæri lýsti ég því að síðsumars yrði opnuð aðalræðismannsskrifstofa í Nuuk, í samræmi við vilja Alþingis.

Segja má að þetta kröftuga frumkvæði Íslands á skömmum tíma hafi hlotið sérstaka viðurkenningu með því að Íslendingur, Magnús Jóhannesson, var ráðinn fyrsti framkvæmdastjóri hinnar nýju stofnunar norðurskautsráðsins í Tromsø.

Hæstvirtur forseti,

Íslenskt hugvit er að spretta úr spori á öllum sviðum. Þróun fullvinnslu í hefðbundnum greinum vex. Skapandi greinar fljúga. Í framtíðinni þurfum við fleiri nýræktir, fleiri útflutningsmarkaði.

Hagspár sýna að til 2030 verði 80% af aukningu heimsviðskipta í Asíu. Millistéttin er drifkrafturinn í heimsverslun nútímans. Fram til 2030 mun hlutur indversku og kínversku millistéttanna af neyslu þessa samfélagshóps á heimsvísu næstum sexfaldast.

Við höfum því lagt sérstaka rækt við Asíugáttina. Á fundi kínverska og íslenska forsætisráðherrans í Reykjavík í apríl sl. var ákveðið að ljúka við gerð fríverslunarsamnings milli ríkjanna, helst innan árs.. Hann er nú á lokastigi þó ólokið sé mikilvægum þætti. Ísland er líka langt komið með fríverslunarsamning við Indland gegnum EFTA, og áleiðis við sólrisuríki í SA-Asíu einsog Malasíu og Víetnam. Með Asíugáttinni er því verið að skapa stórkostlega möguleika fyrir íslenskt atvinnulíf inn í framtíðina.

Virðulegi forseti,

Þær þrjár gáttir Íslands inn i framtíðina sem ég hef hér lýst, til Evrópu, inn á norðurslóðir, og Asíugáttin, eru þess eðlis að þó ein lokist eru hinar opnar. Og þær útiloka ekki hver aðra, heldur styrkja. Allar styðja við velsæld Íslands. Þessi utanríkisstefna byggir á því að veðja ekki öllu á einn framtíðarkost, heldur þróa marga

Evrópuleiðin er sú sem í nánustu framtíð getur bætt lífskjör Íslendinga mest. Hún snýst um það hvort Ísland kys að verða hluti af stærri og sterkari efnahagsheild, þar sem efnahagslegur stöðugleiki styrkir bæði fjölskyldur og fyrirtæki, með lægri vöxtum, lægri verðbólgu, lægra verðlagi – og losar okkur við verðtrygginguna.

Evrópuleiðin snýst líka um öryggið sem felst í því að vera hluti af stórrí fjölskyldu sem bregst til varnar ef viðsjár verða.

Hún snýst um að auka erlendar fjárfestingar, og skapa þannig aukinn útflutning, aukinn hagvöxt og þar með fleiri og fjölbreyttari störf fyrir framtíðina. Þannig er reynsla annarra smárikja af aðild.

Síðast en ekki síst snýst Evrópuleiðin um að Íslendingar fái sjálfir að velja hvort þeir taka upp sterka og öfluga mynt í stað krónunnar.

Gjaldmiðlaskýrsla Seðlabankans komst að þeirri niðurstöðu að krónan sé bæði uppspretta og magnari sveiflna. Óstöðugleiki krónunnar veldur því að fyrirtækin geta ekki gert áætlanir nema til skamms tíma. Hann étur niður kjarasamninga.

Allir vita að gjaldeyrishöft munu alltaf fylgja krónunni í einhverri mynd. Höftin fæla fjárfesta frá landinu. En þau flæma líka íslensk störf, íslensk fyrirtæki úr landi, einsog forystumenn í atvinnulífi lýsa þessa dagana hver um annan þveran.

Það er af þessum ástæðum sem ríflega helmingur þjóðarinnar vill taka upp nýjan gjaldmiðil.

Evrópuleiðin opnar leið til að taka upp evruna. Ég tel hana henta Íslandi best, enda eru langmest viðskipti okkar við evrulöndin. Margir aðrir, sem fælast ESB, vilja að sönnu nýja mynt, - bara ekki evruna.

Skýrsla Seðlabankans talaði mjög skýrt í þessu efni. Hún sagði að einhliða upptaka evru væri ekki möguleg. Einhliða upptaka annarra mynta fæli í sér fullkomið valdaafsal Íslendinga í gjaldeyrismálum. Tvíhliða upptaka væri beinlínis skaðleg.

Niðurstaða skýrslunnar var skýr. Valkostir Íslendinga eru tveir, og aðeins tveir:

Halda áfram með krónuna og lifa með veikleikum hennar eða taka upp evru í bættum búning. Það eru ekki aðrir kostir.

Báðir eru raunhæfir. Ísland ferst ekki þó krónan yrði hér um alla framtíð. En íslenskt viðskiptalíf myndi þá aldrei standa jafnfætis viðskiptalífi samkeppnisþjóðanna. Smám saman drægi úr samkeppnisgetu landsins, og það yrði sífellt erfiðara að skapa íslensku þjóðinni sömu velsæld og öðrum þjóðum. Það er nú þegar erfitt eins og ný skýrsla ASÍ um lífskjör á Íslandi í samanburði við Norðurlöndin sýnir glögglega í vikunni. Hættan er, að þá greiddi blómi kynslóða framtíðarinnar atkvæði um aðild með fótunum og flytti frá Íslandi – til Evrópusambandsins.

Nú er það svo, að jafnvel fljúgandi skriður á lokaáfanganna samninganna gerir okkur ekki kleift að taka upp evruna á allra næstu árum. En gleymum þá ekki að

aðild hjálpar okkur strax að koma krónunni í skjól. Íslandi stæði þá strax til boða sérstakt gjaldmiðlasamstarf, þar sem Evrópski Seðlabankinn er skuldbundinn til að halda krónunni innan ákveðinna marka, sem við semjum um. Af sjálfu leiðir að slíkt samstarf drægi strax úr óstöðugleika og verðbólgu. Með aðild væri því hægt að koma krónunni í var strax á næsta kjörtímabili.

Fram að því þarf hins vegar að styrkja krónuna sem best. Bæði hjálpar það til þegar kemur að upptöku evrunnar, og svo er hitt, að okkur ber að virða það, að krónan er annar kostanna tveggja. Það erum ekki við, heldur þjóðin, sem velur.

Ábyrg afstaða er því að virða þá staðreynd, og halda báðum kostum opnum, krónu og evru. Í einmitt því ljósi er það andstætt hagsmunum Íslands að vilja stöðva aðildarferlið. Það væri ábyrgðarlaust glapræði, því það lokar um alla framtíð á annan kostanna tveggja. Þessvegna er það í þágu íslenskra hagsmuna að halda samningunum áfram og tryggja að þjóðin eigi beggja kosta vöð – og fái sjálf að ráða.

Virðulegi forseti, í samningunum er nú einungis lokaáfanginn eftir – að opna og semja um landbúnað, og sjó, og það sem honum tilheyrir. Ég er þeirrar skoðunar að þegar séu til leiðir til að bæta bændum upp afnám tollverndar, og að sérstaða okkar leiði til þess að samningar um landbúnað verði mun auðveldari en menn hugðu.

Það er hins vegar í sjó, sem mestir hagsmunir eru undir. Menn segja að sjór rími ekki við ESB. Við töpum fiskimiðunum. Við fáum ekki rönd við reist gegn innrás erlends fjármagns. Við missum fyrirtækin í erlent eignarhald, og störfin úr landi.

Allt eru þetta bábiljur. Staðreyndin er sú, að með hörðum samningum getum við haldið því sem við höfum, en opnað um leið ný og mikil tækifæri fyrir sjávarútveg á Íslandi.

Í fyrsta lagi höldum við aflahlutdeild við inngöngu. Reglan um hlutfallslegan stöðugleika festir óbreytta aflahlutdeild aðildarþjóða í krafti sögulegrar veiðireynslu. Það gildir jafnt um staðbundna stofna, sem þá flökkustofna, sem samið er um. Í dag erum við með fasta samninga um alla flökkustofna nema makríl. Það liggur í eðli máls að þeirri deilu lýkur áður en kemur til aðildar.

Í öðru lagi þurfum við að tryggja okkur gegn nýrri vá, sem er hugsanleg breyting á göngumynstri flökkustofna norður um höf vegna hlýnunar sjávar. Reglan um sögulega veiðireynslu tryggir hlutdeild okkar. Ef stofnarnir leita út úr lögsögunni, höfum við slagkraft sambandsins til að standa vörð um hagsmuni okkar. Þetta gildir líka um staðbundna stofna einsog þorsk, ef þeir flyttu sig

norðar vegna hlýnunar á öldinni. Aðild setur því íslenska girðingu utan um fiskistofnana okkar, og er besta trygging okkar fyrir óbreyttri hlutdeild þó þeir taki á rás út úr lögsögunni vegna breytinga á hitastigi í sjó.

Í þriðja lagi: Hví skildum við ekki geta tryggt varanlega sérstakt fisveiðistjórnunarsvæði fyrir allt Ísland í krafti sömu raka og Norðmönnum dugðu til að tryggja sér slíkt stjórnsvæði norðan 62. gráðu tímabundið? Þeir náðu fram skilningi sambandsins á því að norðan hennar væri sjávarútvegur svo mikilvægur að þeir yrðu að fá að stjórna honum sjálfir – og fengu það. Ísland allt er norðan 62. gráðu. Fiskveiðar eru hér enn mikilvægari en þær voru í Norður-Noregi. Við höfum enga sameiginlega lögsögu með ESB einsog Noregur. Okkar rök eru því sterkari en þeirra voru. Ef Norðmenn gátu fengið slíka sérlausn tímabundið, þá eiga Íslendingar að geta fengið hana varanlega.

Í fjórða lagi þarf Ísland að tryggja að aðild leiði ekki til að störf flytjist úr landi. Í dönskum sjávarútvegi er það tryggt með ákveðnum búsetukvöðum. Ef kerfið dugar í Danmörku, þá dugar það líka á Íslandi.

Í fimmta lagi mun aðild skapa skilyrði fyrir því að einn best rekni sjávarútvegur í heimi geti haslað sér enn sterkari völl erlendis og þannig skapað aukin verðmæti og tækifæri fyrir Ísland utan landsteinanna. Það er mögulegt bæði í krafti samninga ESB um fiskveiðar við þriðju ríki, en ekki síður í sameiginlegum fjárfestingum í löndum þar sem eru vannýttir stofnar, og fiskvinnsla enn vanþróuð. Í þessu liggja ekki sístu tækifærin fyrir íslenskan sjávarútveg til að færa út kvíar og skapa þannig verðmæti sem styrkja Ísland.

Í sjötta lagi leiðir aðild til þess að risastórt markaðssvæði opnast fyrir fjölmörg lítil og sérhæfð fyrirtæki í fullvinnslu. Þau fengju tækifæri til að byggja sig upp á 500 milljón manna heimamarkaði án nokkurra tollaþröskulda og gætu hæglega vaxið í að verða alþjóðleg stórfyrirtæki. Tollar, til dæmis á tilbúnum fiskréttum eru í dag illkleifur þröskuldur fyrir smáfyrirtæki sem framleiða hágæðavöru. Það vill svo til að það er vísir að slíkum fyrirtækjum í öllum helstu fiskiplássum Íslands. Þau bjóða öll upp á besta og ferskasta hráefnið í heimi. Aðildin gæti því skapað nýjan kafla í sjávarútvegssókn Íslendinga. Fyrir en seinna gæti því innganga í ESB skapað ný stórveldi í atvinnulífi landsmanna, og fjölda nýrra vellaunaðra starfa í sjávarplássum hringinn í kringum landið.

Herra forseti,

Ég hef í þessari framsögu lagt mesta áherslu á þær gáttir, sem ég tel verða Íslandi happadrygstar á sviði viðskipta á komandi tímum.

En ég vil líka undirstrika það rækilega, að allt okkar starf og samskipti við aðrar þjóðir markast af því sem við teljum besta og fallegasta framlag okkur til umheimsins. Það er virðing og barátta fyrir mannréttindum. Það er hinn alltumlykjandi blær á íslenskri utanríkisstefnu.

Við höfum skipað okkur í fremstu röð þeirra þjóða sem berjast gegn því að nokkur sæti ofsóknum, eða sé mismunað, á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar. Stefna Íslands er að verja þau réttindi hvarvetna.

Stuðningur okkar við Palestínu byggist ekki síst á virðingu fyrir mannréttindum og eindregnum stuðningi við það viðhorf, að engin þjóð megi kúga aðra.

Mér fannst sjálfum Alþingi aldrei rísa hærra en þegar það samþykkti án andstöðu nokkurs þingmanns að viðurkenna fullveldi Palestínu árið 2011. Í samræmi við það tók Ísland, eitt ríkja Vestur-Evrópu, sér stöðu með þeim þjóðum sem fluttu tillögu um áheyrnaraðild Palestínu að Sameinuðu þjóðunum á síðasta allsherjarþingi. Sú tillaga var mikilvægt framlag til að auka jafnvægi milli Palestínu og Ísraels, einsog var undirstrikað af þeim yfirgnæfandi stuðningi sem tillagan hlaut að lokum.

Valdefling kvenna, kynjajafnrétti, barátta gegn mansali, gegn ofbeldi á konum og stúlkum eru lykilstef í stefnu okkar á alþjóðavettvangi. Allstaðar þar sem Ísland á rödd á palli talar hún fyrir mannréttindum kvenna. Ísland er meðal þeirra ríkja sem í dag beitir sér hvað harðast fyrir lykilályktun öryggisráðs SP nr. 1325, um konur, frið og öryggi.

Greining á framlagi okkar í þróunarmálum leiddi í ljós að hlutfall þeirra verkefna sem tengjast liðsinni við stúlkur, konur og mæður hefur farið hækkandi. Þau er nú 8 af hverjum tíu.

Þróunarsamvinna er öðrum þræði líka barátta fyrir mannréttindum. Ég fjölyrði ekki um hana í dag. Stefna okkar á því sviði verður ítarlega rædd hér innan skamms, þegar ég að lögum legg fyrir þingið endurskoðaða áætlun um þróunarsamvinnu Íslands.

Hitt vil ég segja skorinort, að mér fannst Alþingi standa í stykkinu, þegar það samþykkti að ná því takmarki að 0,7% af vergum þjóðartekjum færi til þróunarmála árið 2019. Þó reis það enn hærra þegar þingið framhlóð tillögu mína með því að slá hressilega í varðandi 2013 og 14. Það var ekki sjálfgefið í þeirri stöðu sem hér hefur ríkt.

Með því lýsti Alþingi sterkri félagslegri afstöðu til annarra þjóða. Hún er þessi: Ríkri þjóð, einsog við erum, ber siðferðileg skylda til að rétta hjálpandi hönd



Þeim sem þurfa liðsinni til að geta hjálpað sér sjálfir. Af slíku liðsinni geta Íslendingar verið stoltir.